



Fréttatilkynning

28 June 2024 11:00:00 GMT

Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 3. júlí 2024

Arion banki heldur útboð á sértryggðu skuldabréfaflokkunum ARION CB 27 og ARION CBI 30 miðvikudaginn 3. júlí 2024.

Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða tekin á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ARION CBI 25 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum í ofangreindu útboði. Hreint verð í skiptiútboðinu er 99,288.

Áætlaður uppgjörsdagur er 10. júlí 2024. Greiða skal fyrir flokkana með reiðufé og/eða með skiptum á ARION CBI 25.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á netfangið skuldabrefamidlun@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 3. júlí 2024.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 3. júlí 2024](#)